

Sp.

133. Breytingartillaga

við till. til þál. um aukinn kaffi- og sykurskammt til sjómanna.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að kaffi- og sykurskammturinn til sjómanna og vegavinnumanna verði aukinn allverulega frá því, sem nú er.

2. Aftan við fyrirsögn tillögunnar bætist: og vegavinnumanna.